

## 18. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn fimmtudaginn 14. október 2021 kl. 17:00 í fjarfundi.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason.

### Dagskrá:

#### 1. Drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu.

#### 1. Drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu.

Nefndin fór yfir drögin og hafði eftirfarandi athugasemdir og vangaveltur:

Vegna 6.gr reglugerðar og viðauka I,

- farið er fram á úttekt á beitarnandi á 5 ára fresti, hver á að bera kostnaðinn við að meta land?
- Beitarnandi er mjög víðtækt hugtak.
- Hæðarmörk vegna sjálfbærni, geta þau haft áhrif á bæi sem eru hátt yfir sjávarmáli.
- Talað er um að nota bestu möguleg gögn hverju sinni sem er mjög loðið hugtak. Þarf þá að tryggja að gögn séu uppfærð reglulega.
- Mjög brott innleiðing sá að taka gildi strax 2021.
- Hvað er átt við með að nýtingarnandi sé að lágmarki 60% af flatarmáli beitarnands?

Vegna 7. gr. reglugerðar og viðauka II:

- Hvað er átt við með loftmengun, má ekki lengur dreifa lífrænum áburði og verður að fella hann niður?
- Viðhalda þarf líffræðilegri fjölbreytni, kemur það þá í veg fyrir að brjóta nýtt land til akuryrkju á hentugum landbúnaðarsvæðum til að mæta eftirspurn eftir mat.
- Vantar að komi skýrt fram hver viðmið eru með lágmarksfjarlægð frá akurlandi að vatni/ám. Má ekki dreifa áburði á tún sem hafa skurði þar sem túlka mætti skurði sem læk.
- Nefndin leggur til að h-liður verði feldur á brott þar sem i-liður taki á því sem þarf að ávarpa í lið h.
- Viðauki II 3. gr., hver á að taka jarðvegssýni og hver á að bera af því kostnað?
- Viðauki II 4. gr.: Þarf að vera skýrt að um leiðbeiningar sé að ræða fyrir alla þá liði og tillögur sem fylgja í 4.gr og ekki sé hægt að túlka þá liði sem skilyrði.

Nefndin finnst nauðsynlegt að gefinn sé meiri tími til umsagnar og samráðs með jafn umfangsmikið mál og raun ber vitni. Tryggja þarf að reglugerðin sé alveg skýr og ekki með óljósum hugtökum eins og núna.